

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2021  
UST202102-449/EBSH  
04.04

**Efni: Umsögn um þingskjal 916 – 549. mál.**

Ísáð er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis nr. 11465, dags. 26.02.2021, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum, m.a. um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

*Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi*

Umhverfisstofnun tekur undir það að frumvarpið sé til þess fallið að einfalda regluverk ýmissa málaflokka og auka skilvirkni stjórnsýslu.

Hvað varðar breytingar á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (nvl) bendir stofnunin á að með a.-lið 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins er ekki nægilega skýrt hvort núverandi 2. málslíður 1. mgr. 63. gr. nvl. falli niður með breytingunni eða hvort hann verði 3. málslíður 1. mgr. 63. gr. nvl. Að mati stofnunarinnar skyldi ekki fella úr 1. mgr. 63. gr. nvl. heimildina til að banna með reglugerð innflutning tiltekinna framandi plöntutegunda og/eða búfé.

Það athugast einnig að núverandi 2. mgr. 63. gr. nvl. hlýtur að verða 3. mgr. þegar bætt hefur verið við nýrri málsgrein á eftir 1. mgr., sbr. b.-liður 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Breyta þarf tilvísunum til annarra málsgreina í samræmi við þetta.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólán Hannesdóttir  
lögfræðingur

Bjarni Jónasson  
sérfræðingur